Jagger og grimmi hundurinn á Læk

Já, það var oft bölvað þref og streð, en líka voru oft ánægjulegar fréttir sem var gaman að segja fólki, ég tala nú ekki um þegar það var einhver res mirabilis – Þetta segir Finnbogi Hermannsson, fyrrverandi útvarpsmaður í viðtali vikunnar, þar sem fyrst og fremst er þó rætt um lífið eftir útvarp.

– sjá bls. 8-10.

Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 30. apríl 2015 · 17. tbl. · 32. árg. ·Ókeypis eintak

Sumarið er tíminn!



Landsvirkjun

1965 | Stofnun Landsvirkjunar

Verðmæti til framtíðar

Ársfundur á 50. afmælisári Landsvirkjunar

Landsvirkjun var stofnuð 1. júlí 1965. Búrfellsstöð var fyrsta stórframkvæmd fyrirtækisins og stærsta framkvæmd Íslandssögunnar á þeim tíma. Með byggingu hennar var lagður grunnur að nýjum iðnaði í landinu sem leiddi af sér aukna verkþekkingu og fjölbreyttara atvinnulíf á Íslandi.

Landsvirkjun byggir á traustum grunni. Eftirspurn eftir endurnýjanlegri íslenskri raforku er orðin meiri en framboð og góður rekstur hefur skapað tækifæri til að skila arði til eiganda fyrirtækisins, íslensku þjóðarinnar.

Á opnum ársfundi á 50. afmælisári Landsvirkjunar bjóðum við landsmönnum að kynna sér sögu og framtíð orkufyrirtækis í almannaeigu. Við stöndum frammi fyrir einstökum tækifærum til að skapa þjóðinni aukin verðmæti til framtíðar.

Verið velkomin á ársfund Landsvirkjunar í Eldborg í Hörpu, þriðjudaginn 5. maí kl. 14–16. Bein útsending frá fundinum verður á Landsvirkjun.is.

Nánari upplýsingar og skráning á landsvirkjun.is.



JÓNSSON & LE'MACKS • JÍLR • SÍA

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmaður: Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á póstfangið bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

„Réttan skerf sinn og skammt“

Vetur og sumar frusu saman. Þjóðtrúin segir að það boði gott sumar. En hvað sem þjóðtrúnni líður verður ekki fram hjá því horft að dökk ský hrannast upp yfir vinnumarkaðnum. Í áratugi hafa önnur eins átök ekki vofað yfir á frídegi verkalýðsins. Hvað veldur?

Fáar bækur hafa vakið meiri eftirtekt við útkomu en æviminningar Tryggva heitins Emilssonar, Baráttan um brauðið, sem fyrst kom út 1977, en nær öld er liðin frá upphafi sögusviðs bókarinnar. Nafngiftin tekur af vafa um innihald bókarinnar, baráttuna um brauðið, skiptingu þjóðarkökunnar. Hvers vegna að draga hana fram nú á tímum þegar byltingarkenndar breytingar hafa myndað himinn og haf á milli þess sem þá var og nú er í íslensku samfélagi.

Barátta Tryggva og félaga snérist um að fá aðeins stærri sneið af þjóðarkökunni, sem svo er kölluð, í sinn hlut. Um hvað snýst ágreiningur þeirra er nú sitja að borði með sáttasemjara ríkisins? Snýst hann um eitthvað annað, í megin dráttum, en að þjóðararðinum verði skipt með öðrum hætti en viðgengist hefur meðal fjölda þjóða, að margra mati til verri vegar, og til þess megi að hluta rekja sívaxandi ólgu og upplausnir meðal þjóða?

„Það er svo bágt að standa í stað, / og mönnunum munar / annað hvort aftur á bak / ellegar nokkuð á leið,“ kvað Jónas . Hvaða nafngift sem við gefum átökunum á vinnumarkaðnum verður ekki vikist undan að horfa til bókartitils Tryggva og orða Jónasasr og spyrja: Hvernig hefur okkur miðað?

Það er ekki og verður aldrei ætlast til að allir beri sama úr býtum. Fyrir því eru ótal ástæður. Störfin eru misjöfn og margbrotin. Flest eru þau þýðingarmikil, hvert á sínu sviði, og án flestra þeirra getum við ekki verið.

Skipting þjóðarkökunnar verður að snúast um það að hverjum og einum beri hlutdeild sem nægir til að viðkomandi geti með reisn séð sér og sínum farboða, með vinnu sinni, með hætti sem samræmist nútíma þjóðfélagi. Svo vitnað sé til Íslandsljóðs Einars Benediktssonar: „réttan skerf sinn og skammt / á hvert skaparans barn, allt frá vöggu að gröf.“ *s.h.*

Spurning vikunnar

Ferð þú í ferðalag í sumar?

Alls svöruðu 317.
Já, innanlands sögðu 168 eða 53%
Já, erlendis sögðu 84 eða 27%
Nei sögðu 65 eða 20%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Hilmar Lyngmo, Sverrir Pétursson og Guðni Guðnason við MAN aðalvélina. Ljósm. HG.

Smíði hafin á nýjum Páli

Smíði á nýju skipi Hraðfrystihússins-Gunnvarar er hafin, en stálskurðurinn í skipasmíðastöðinni í Kína hófst laugardaginn, 18. apríl kl. 10:38. Tímasetningin er engin tilviljun því að Kínverjar telja að tölunni 8 fylgi gæfa, segir á vef Hraðfrystihússins-Gunnvarar. Við þetta tækifæri voru einnig sprengdir margir kínverjar, eins og alsiða er þar í landi. Skipið mun hljóta nafnið Páll Pálsson ÍS-102. Undirbúningurinn að smíðinni hefur tekið um ár, sem er nokkru lengri tími en áætlanir gerðu ráð fyrir. Nú þegar hafa allir stærri hlutir sem munu fara í skipið verið valdir, svo sem vélar, framdrifsbúnaður og allur spilbúnaður.

Aðalvél skipsins var prufukeyrð á plani í samsetningarverksmiðjum MAN turbo & diesel í Aurangabad í Indlandi þann 6. apríl. Prófanirnar aðalvélarinnar komu að öllu leyti vel út. Finnur Kristinsson hefur verið ráðinn eftirlitsmaður með smíði Páls Pálssonar og Breka VE, sem er smíðaður í sömu skipasmíðastöð. Finnur, sem var yfirvélstjóri á Arnari HU frá Skagaströnd til fjölda ára, verður í skipasmíðastöðinni, en honum til aðstoðar hefur verið ráðinn kínverskur tæknifræðingur.

Þegar lengra líður á verkið er gert ráð fyrir að vélstjórar frá útgerðunum verði einnig við eftirlit, auk þess sem aðrir starfsmenn fyrirtækjanna koma að verkinu.

Dynjandi í Arnarfirði.

Kemur ekki til greina að skerða vatnasvið Dynjanda

Skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar leggst gegn áformum Orkubús Vestfjarða um miðlun úr Stóra Eyjavatni í Mjólkárvirkjun. Orkubúið hafði óskað eftir því að miðlunin kæmist inn á aðalskipulag Ísafjarðarbæjar en nefndin hefur hafnað ósk Orkubúsins um skipulagsbreytingu. Í umsögn nefndarinnar segir að nefndin taki heilshugar undir framkomnar athugasemdir um að ekki komi til greina að skerða náttúrulega fegurð Dynjanda með skerðingu á vatnasviði hans. Sigurður Jón Hreinsson, formaður skipulags- og mannvirkjanefndar, segir að einhugur hafi verið í nefndinni um þetta álit.

„Skilaboð hins almenna Vestfirðings hafa líka verið nokkuð skýr, fólk vill að Dynjandi fái að vera í friði,“ segir Sigurður. Hann bendir á að bæjarstjórn eigi eftir að fjalla um tillögurnar og endanleg ákvörðun sé bæjarstjórnar. Samþykki bæjarstjórn tillögur nefndarinnar er ljóst að ekkert verður af miðlun Orkubúsins úr Stóra Eyjavatni. Með miðlun úr Stóra Eyjavatni átti að auka framleiðslu í Mjólkárvirkjun og telur Orkubúið að miðlunin sé hagstæðust og fljótunnust af öllum virkjunarkostum á Vestfjörðum. Vatnasvið Stóra Eyjavatns er utan friðlýsingar Dynjanda en miðlun úr vatninu hefði minnkað vatnsrennsli Dynjanda.

Síminn

Njóttu Sinfóníunar heima
með Sjónvarpi Símans



Bein útsending frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands fimmtudaginn 30. apríl kl. 19.30

Einn fremsti hljómsveitarstjóri samtímans Gennadíj Rozhdestvenskíj og píanóleikarinn Viktoria Postnikova heiðra Sinfóníuhljómsveit Íslands og tónlistarunnendur með flutningi á rússneskum öndvegisverkum. Á efnisskránni er 4. píanókonsert Rakhmanínovs og svíta úr ballettinum Pulcinella eftir Stravinskíj.

Njóttu tónleikanna í opinni dagskrá í Sjónvarpi Símans á rásum 50 (SD) og 250 (HD). Tímaflakk er að sjálfsögðu í boði á báðum rásum.

Þú getur meira með Sjónvarpi Símans

siminn.is

Mest kemur í hlut Patreksfjarðarhafnar

Mest hefur verið innheimt af strandveiðigjaldi á Patreksfjarðarhöfn af öllum höfnum á landinu. Á fimm ára tímabili, frá 2010 til 2014, nam strandveiðigjaldið 9,9 milljónum króna á Patreksfirði, mest árið 2012 eða 2,2 milljónir króna. Þetta kemur fram í svari Sigurðar Inga Jóhannssonar sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins. Strandveiðigjald var næst mest í Sandgerði, eða 9 milljónir króna. Af öðrum höfnum á Vestfjörðum má nefna að strandveiðigjaldið í Bolungarvík nam 8 milljónum króna á tímbilinu, á Ísafirði 3,2 milljónum króna og á Norðurfirði á Ströndum 5,5 milljónum króna.

Gjaldið var sett á árið 2010 þar sem hverri útgerð var gert að greiða 50 þúsund krónur sem renna skildi til hafna landsins í hlutfalli við landaðan afla af strandveiðum. Samtals hafa strandveiðiútgerðir greitt 176,4 milljónir króna til hafna landsins í formi strandveiðigjalds. Guðlaugur Þór spurði ráðherra einnig hvernig gjaldinu hefði verið ráðstafað. Í svari ráðherra kemur fram að samkvæmt upplýsingum frá Hafnasambandi Íslands, er tekjum vegna veiðieftirlitsgjalds af strandveiðum ráðstafað í almennan rekstur, viðhald og uppbyggingu hafna. Tekjur af gjaldinu eru ekki merktar ákveðnum verkefnum. Það er Fiskistofa sem innheimtir gjaldið og afhendir viðkomandi löndunarhöfnum.

– smari@bb.is



Setja upp 4G sendi á Bolafjalli

Síminn stefnir á að byggja upp langdrægan 4G hring í kringum landið á næstu 18 mánuðum. Með því vill fyrirtækið skapa öflugra netsamband fyrir sjómenn. Í tilkynningu frá Símanum segir að 3G sjósambandið sé nær óslitið um strandlengjuna og hafi breytt fjarskiptum sjómanna svo um muni. „Viðskiptavinir með sjósamband hjá Símanum sitja einir að 3G langdrægu kerfi fyrirtækisins,“ segir Orri Hauksson, forstjóri Símans í fréttatilkynningu.

„Við hjá Símanum vitum að fjarskipti eru eitt lykilatriða þess að stunda hátækniveiðar og vinnslu. Með 4G verður netsambandið enn betra. Það gefur ekki aðeins tækifæri í rekstri útgerðarfélaga heldur getur bætt lífsgæði sjómanna frekar. Hásetar hafa til dæmis getað stundað fjarnám um borð í skipum vegna síbatnandi fjarskipta.“

Fyrstur á dagskrá er 4G sendir á Bolafjalli á Vestfjörðum. Síðan er stefnan sett á að byggja jafnt og þétt upp þar til takmarki Símans er náð. Í tilkynningunni segir að Síminn hafi í rúmt ár unnið að því að byggja 4G kerfið upp og það nái nú til 82,5 prósenta landsmanna. Nú síðast voru settir upp sendar í Þorlákshöfn og á Húsavík. Allir 4G sendar Símans ná nú 150 Mbps hraða, sem er ríflega þrefalt meiri hraði en sá mesti á 3G.

– smari@bb.is

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og virðingu við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu

Ágústu S. Magnúsdóttur

frá Bolungarvík, til heimilis að Aðalstræti 24, Ísafirði

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða fyrir góða umönnun. Guð blessi ykkur öll.

Birgir M. Ólafsson, Jóhanna S. Hilmarsdóttir
Halldór M. Ólafsson, Helga B. Sveinbjörnsdóttir
Sigríður Ólafsdóttir, Edward Hoblyn
Ingibjörg Ólafsdóttir, Rúnar Þ. Brynjólfsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Allir umsækjendur fá vinnu

Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar sem ætlaður er unglingum á aldrinum 13-16 ára, hefur starfsemi 8. júní og stendur til 14. ágúst. Ester Ósk Arnórsdóttir, tómstundafulltrúi Ísafjarðarbæjar, segir að allir krakkar sem sæki um í vinnuskólanum, fái vinnu. Að sögn Esterar Óskar hefur fækkað mikið í vinnuskólanum á undanförnum árum. Verkefni vinnuskólans eru fjölmörg, en miðast flest að fegrun umhverfissins og eru umhverfismál í brennidepli.

Ekki ráðinn veiðieftirlitsmaður

Ekki verður ráðinn veiðieftirlitsmaður á Ísafirði að svo stöddu. Staðan var auglýst í vetur og bárust átta umsóknir. Eyþór Björnsson fiskistofustjóri segir að þrír umsækjendanna hafi uppfyllt skilyrði sem eru gerð til veiðieftirlitsmanna. Þegar á hólminn var komið afþökkuðu umsækjendurnir starfið. „Þetta voru mikil vonbrigði því við viljum svo sannarlega vera með starfsemi fyrir vestan. Nú þurfum við að skoða hvort við auglýsum aftur,“ segir Eyþór.

BBC uppgötvar Vestfirði

Ferðamálafrömuðir BBC eru búnir að uppgötva Vestfirði. Á ferðavef BBC er löng ferðasaga um ferðalag Katie Hummel um Vestfirði þvera og endilanga í september. Katie er blaðamaður hjá BBC Travel. Hún segir Vestfirði vera „villtasta og hrjóstrugasta svæði á annars villtu og hrjóstrugu landi. En þeir sem gera sér ferð þangað, fá að upplifa sum af fallegustu og mest ósnortnu svæðum landsins.“ Eins og vani er í svona skrifum er hvergi dregið úr lýsingum og dramatík og kemur sumt heimamönnum sjálfsagt spánskt fyrir sjónir.

100% stuðningur í Víkinni

Hundrað prósent stuðningur var við verkfallsboðun hjá Verkalýðs- og sjómannafélagi Bolungarvíkur. Í atkvæðagreiðslu um almennan kjarasamning voru 85 á kjörskrá og greiddu 71 atkvæði sem er kjörsókn upp á 83,5 prósent. Um kjarasamningvegna veitinga- gististaða voru 10 á kjörskrá og greiddu fimm atkvæði, eða 50 prósent. Öll greidd atkvæði voru með verkfalli. Verkföll hefjast að óbreyttu í dag með tímabundnum aðgerðum. Ótímabundið verkfall skellur á 26. maí.

G.E. vinnuvélar buðu lægst

Tvö tilboð bárust í hellulögn og bílastæðisgerð við Neðstakaupstað á Ísafirði og voru þau bæði talsvert yfir kostnaðaráætlun. Tilboð G.E. vinnuvéla hljóðaði upp á 16,8 milljónir króna og tilboð frá SRG múrun hljóðaði upp á 19,3 milljónir. Kostnaðaráætlun verksins hljóðaði upp á 13,5 milljónir króna. Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að ganga til samninga við G.E. vinnuvélar. Verkið felst í að gera bílastæði og helluleggja við safnasvæðið í Neðstakaupstað.

Bolvíkingar sigursælir

Bolvíkingarnir Falur Þorkelsson og Ingólfur Hallgrímsson sigruðu á nýafstöðnu badmintonmóti Tennis- og badmintonfélags Ísafjarðar í tvímenningi. Þetta er þriðja árið í röð sem þeir sigra. Þeir unnu alla sína leiki og voru vel að sigrinum komnir. Í öðru sæti voru Guðbjartur Flosason og Janusz Duszak, einnig frá Bolungarvík. Þriðju voru Arnór Jónatansson og Tryggvi Sigtryggsson, Ísafirði. Fjórtán þátttakendur frá Bolungarvík og Ísafirði mættu til leiks.

Lítil endurnýjun á Vestfjörðum

Af nýskráðum fólksbílum í fyrra voru flestir skráðir á höfuðborgarsvæðinu eða 6.479 bílar. Séu fjöldatölur bornar saman við íbúafjölda kemur í ljós að flestar nýskráningar voru á Norðurlandi eystra eða 51 bíll á hverja 1.000 íbúa. Þegar tölurnar eru skoðaðar fyrir Suður- og Austurland, Norðurland vestra, Vesturland og Vestfirði er útkoman nokkuð lægri eða 11 bílar á hverja 1.000 íbúa. Þar af voru langfæstar nýskráningar á Vestfjörðum.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Allar verslanir Bónus opnar 1.mai 10:00-19:30

98 kr. 400g

EUROSHOPPER
Kjúklingabaunir 400 gr

87 kr. 400g

EUROSHOPPER
Tómatar 400g

79 kr. 400g

EUROHSOPPER
Bakaðar baunir 400g.

298 kr. 350g

249 kr. 300g

EUROSHOPPER
Ostapizza 300g Salamipizza 350g

298 kr. 1 kg

EUROSHOPPER
Franskar kartöflur 1 kg

98 kr. 100g

EURSOHOPPER
Súkkulaði 100g

149 kr. 125g

EUROSHOPPER
Súkkulaðikex 125g

59 kr. 250ml

EUROSHOPPER
Orkudrykkur 250ml

159 kr. 2 stk.

EUROSHOPPER
Frosin hvítlauksbrauð 2 stk.

129 kr. 150g

EUROSHOPPER
Bitakex 150g

VALITOR BÓNUS EKKERT BRUÐL

Verð í þessari auglýsingu Gilda a.m.k. til 3.mai

Afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •



Var þetta k

„Það er alveg ágætt," segir Finnbogi Hermannsson, spurður um lífið eftir útvarp. „Þú þarft ekki að standa nauðbeygður í einhverju helvítis þrefi og streði frá morgni til kvölds, núna er bara mitt sjálfskipaða streð. Ég vakna á morgnana og get hellt upp á mitt kaffi í friði en þarf ekki að rjúka út.

Já, það var oft bölvað þref og streð, en líka voru oft ánægjulegar fréttir sem var gaman að segja fólki, ég tala nú ekki um þegar það var einhver res mirabilis eins og Jón Grindvíkingur orðaði það. Svoleiðis er eftirminnilegt, eins og þegar beinagrindin fannst í Hringsdal í Ketildölum við Arnarfjörð. Það var merkileg upplifun. Ég man að ég var með þetta í hádegisfréttum og svo var þetta líka í sjónvarpsfréttum um kvöldið."

Finnbogi er upprunninn á Grettisgötunni í Reykjavík en hefur núna bollokað nærri fjörutíu árin við Bakkaveginn í Hnífsdal. Hann og Hansína Garðarsdóttir kona hans eru orðin ein eftir í kotinu ásamt ketti. Finnbogi var um langt árabil fréttamaður og síðan forstöðumaður Svæðisútvarps Vestfjarða, en upphaflega kom hann vestur til að kenna, líkt og ýmsir fleiri.

– Eitthvað fleira eftirminnilegt og skemmtilegt frá útvarpsævinni ...

„Það var að minnsta kosti mjög athyglisvert þegar þeir á Guðnýjunni komu með hvítabjörninn til Bolungarvíkur. Út af þessu urðu svo réttarhöld og vesen. Þeir settu hann í einhverja víra og hann sprakk," segir Finnbogi. Og varðandi útvarpsáratugina fyrir vestan og það að vera hættur því bölvuðu þrefi og streði segir hann:

Ómissandi fólk ...

„Stundum er því haldið fram að menn séu ómissandi, geti ekki hætt, að einhverjir apar séu algerlega nauðsynlegir á vinnustaðnum. Ómissandi fólk, syngja þeir við jarðarfarir félagarnir KK og Maggi Eiríks. Ég byrjaði að gera útvarp árið 1979, þetta var langur tími. Ég einfaldlega gekk þarna út í lokin og var ekkert ómissandi. Þetta var bara forbí, liðin tíð. Og bara ágætt, allt slysalaust, farsælt."

– Hvernig byrjaði þetta hjá þér þarna sjötíu og níu?

„Það var þátturinn *Að vestan*. Ég var þá kennari á Núpi í Dýrafirði. Þá komu tæknimenn fljúgandi vestur, manni var ekki trúandi fyrir segulbandstæki fyrr en löngu seinna, þessum hlunki Nagranum. En núna er upptökutæknin orðin svo fullkomin að það er meira að segja hægt að senda leigubílstjóra með þessi tæki til að stilla þeim upp á fundum og taka upp. Eða það segir Ævar Kjartansson," segir Finnbogi og glottir.

Datt með Nagrann um páska

„En þó ég segi sjálfur frá, þá var ég talinn vera nokkuð flinkur Nagramaður. Þetta var mikið hlass, líklega tíu kíló í ól á öxlinni. Einu sinni datt ég með hann um páska. Ég svaf ekki í margar nætur af sársauka eftir Nagrann. Núna myndi þetta flokkast undir vinnuslys þó að engum hafi dottið það í hug þá."

– Þú ert í kartöflunum ár hvert núna eftir útvarp, hefur mér skilist, setur niður að vori og tekur upp að hausti.

„Náttúrlega var ég búinn að vera í þeim frá ómunatíð, en núna hefur maður miklu meiri tíma fyrir svona stúss, sem er alveg yndislegt. Núna er maður ekki alltaf með eitthvert útvarp í bakið í kartöflugarðinum og hringingar og djöfulskap. Eins og þegar var hringt út af Mick Jagger árið eitthvað, má bara gúgla hvaða ár það var. Það var mjög eftirminnilegt.

Ýmsir aðrir reyndu nú að eigna sér þetta, eins og Reynir Traustason. Það var eitthvað voðalega skrítið í einhverju viðtali sem ég sá við kallinn, en hann náði engu viðtali við Mick Jagger."

Jagger og grimmi hundurinn á Læk

„Ég var í gömlum grænum enskum Harris-Tweed jakka með Nagrann gamla á öxlinni og náði augnsambandi við Jagger. Mér kom í hug þegar Valdimar Gíslason á Mýrum í Dýrafirði náði augnsambandi við grimma hundinn á Læk og gat þess vegna tjónkað við hann. Já, ég náði augnsambandi, og Jagger bara vildi tala við þennan kall inn á Nagra og allt í lagi með það.

Einhverjir sjómenn hér sögðu reyndar að þetta hefði ekkert verið Mick Jagger heldur Óli stingur frá Skarði í Skötufirði. Það getur vel verið að þetta hafi bara verið Óli stingur, mér er alveg sama."

Hákarlstuggan sjálfsagt geymd á helgum stað

– Hvernig fréttirðu af Jagger á Ísafirði?

„Ég var náttúrlega uppi á stillans eins og venjulega, var að mála kofann hérna að framan, þetta var um verslunarmannahelgina, þegar Kári Jónasson fréttastjóri hringir og segir að Mick Jagger sé á Ísafirði. Farðu inn eftir, bless, segir Kári. Og ég þandi gamla Súbarúinn inn eftir.

Mig minnir að það hafi verið Greipur sonur hans Gísla í Vegagerðinni sem hirti hákarlstugguna sem Jagger skyrpti út úr sér í Tjöruhúsinu. Þetta var eiginlega eins og vindilstubbur Churchills eða flís úr krossi Krists. Þessi tugga út úr Jagger var komin prepareruð í krukku og hlýtur að vera geymd á einhverjum helgum stað."

Sannleikurinn er sagna bestur

Finnbogi Hermannsson veit og vissi mætavel að ýmsum þótti fréttaflutningurinn í svæðisútvarpinu of neikvæður.

„Já, það var ævinlega talað um það. En fréttaflutningur er nú bara spegillinn af því sem er að gerast. Sumir höfðu eiginlega uppi þá kröfu að maður segði ekki satt. En það er nú þannig í fréttum eins og víðar, að sannleikurinn er sagna bestur. Ef þú segir ekki satt, þá kemur það alltaf á daginn, það kemst upp um strákinn Tuma. Maður verður að segja frá hlutunum eins og þeir koma fyrir, því miður.

Það er mjög rík krafa til fréttamanns að hann sé sannsögull. Fréttamenn sem ýkja og krafsa í skítinn, það eru ekki góðir fréttamenn. Ég myndi ekki ráða svoleiðis fréttamann í vinnu," segir Finnbogi.

Hann segir fréttaefnin á þessum tíma mörg hver hafa verið ansi dapurleg.

„Þessa síðustu áratugi var ekkert nema mannfækkun á Vestfjörðum. Fyrirtæki lögðust af, skip voru seld, það var samþjöppun í atvinnulífinu. Það þarf ekki annað en að gægjast um gáttir á Flateyri eða í Súðavík til að sjá það."

Nú er ég kominn í hvíta frakkann

– Segðu nánar frá kartöfluræktinni í garðinum hérna við Bakkaveginn ...

„Hún fer fram að mestu eins og hjá pabba og afa, nema hvað ég moka hér ekki götur heldur eru þær troðnar að hætti Súðvíkinga. Komið frá Garðari tengdaföður mínum með konu minni. Hér að Bakkavegi ellefu er ódáinsakur kartaflna og ber alltaf ávöxt. Ég er búinn að bæta hann með sandi og mold og skít og rækjumjöli og þaramjöli og hvers konar mjöli, og það koma alltaf upp úr honum kartöflur, alveg furðulegt.

Þegar stungið er upp, þá stráir maður útlendum áburði eins og hann var kallaður en heitir núna eitthvað sem ég man ekki, núna er alltaf verið að breyta nöfnum á þessu. Það er alltaf ákveðið ritúal þegar maður er að strá útlenda áburðinum. Þá hringi ég í Gulla bróður og segi: Jæja Gulli minn, nú er ég kominn í hvíta frakkann. Þá veit hann hvað ég er að gera. Pabbi sálugi fór alltaf í hvítan frakka og klossa og gyrti buxurnar niður í sokkana þegar hann fór að strá útlenda áburðinum. Hvers vegna veit ég ekki."

Mikil kúnst að slétta svona garð

„Svo er að raka yfir þegar útlendi áburðurinn er kominn í uppstunginn garðinn og slétta þetta afskaplega vel. Ég lærði það þegar ég var strákur að vinna í garðyrkjunni í Reykjavík, að snúa hrífunni öfugt, slétta yfir með bakkanum á hrífunni. Það er mikil kúnst að slétta svona garð þegar útlendi áburðurinn er kominn.

Á fyrstu árunum þegar ég var að berjast í þessum garði fékk ég tröllamjöl í Kaupfélaginu til að drepa arfann. Svo hætti það náttúrlega að fást, fór úr tísku. Síðan hef ég farið í apótekið og keypt eitthvert eitur til að spúa yfir garðinn. Stundum heppnast þetta eitur, stundum ekki. Stundum kemur arfi þrátt fyrir eitrið. Þá hef ég bara gengið í það að reyta arfa upp á gamla móðinn, ég hef farið með fulla kerru af arfa inn á hauga."

Ertu eitthvað farinn að gá?

– Svo líður af sumarið eins og það gerir alltaf í fornsögunum.

„Það er auðvitað mjög skemmtilegt að taka upp kartöflurnar. Þegar kemur fram í ágúst fer maður að gá undir, sem kallað er. Þá spyr fólkið hérna í kring: Ertu eitthvað farinn að gá undir? Já, ég er farinn að gá undir, svara ég, og það lofar bara nokkuð góðu, það eru komnar títlur. Og svo heldur þetta áfram, þær stækka smátt og smátt og verða bara stórar.

Loks eru þessar kartöflur teknar upp, þvegnar og þurrkaðar og settar í geymslu í tröppum inni í Súðavík hjá tengdamóður minni. Alveg afburðageymsla. Þar á ég enn nokkrar birgðir og farið að síga á aprílmánuð. Þær fara orðið

kannski ekki Mick Jagger?

langt með að duga okkur árið. Við erum náttúrlega orðin bara tvö í kotinu fyrir utan köttinn til að borða þessar kartöflur, dætur okkar tvær sem hér uppfóstruðust eru auðvitað farnar suður eins og allir.“

Var eitthvað að bera við að rækta salatgums

– Eru kartöflur úr eigin garði ekki alltaf betri en aðrar?

„Jú, kartöflur eru auðvitað miklu betri þegar maður veit að þær eru úr eigin garði. Svo fer ég alltaf með poka suður. Börnunum finnst það mikið sport að borða kartöflur úr garðinum hans afa.“

– Eru þetta Ólafsrauður eða gullauga?

„Já, þetta eru bæði Ólafsrauður, eða rauðar íslenskar, og gullauga, og svo hef ég verið með stórar premíum. Ég byrja á að setja niður premíum. En gullaugað er orðið mjög bratt, og líka rauðar. Eins og síðasta sumar, þetta voru bara ágætar kartöflur.“

– Ræktarðu fleira?

„Ég var nú eitthvað að bera við að rækta salatgums, og kál. Æ, ég held að ég sé ekki mikill kálræktandi. Svo prófaði konan að setja niður eina sæta kartöflu. Það kom ekkert upp af þessari sætu kartöflu úr einhverri búð. Þetta var bara tilraun.“

Feitur Bens og fleiri bílar

– Þú ert kunnur bílamaður, áhugamaður og allmikill fræðingur um gamla bíla alla tíð. Eitthvað nýtt af bílamálum á heimilinu?

„Já, það urðu nú eiginlega stórtíðindi í þeim efnum í haust. Það var keyptur bíll sem er mjög nýlegur til þess að gera, tíu ára gamall Súbarú, en rauði Cherokíinn sem hafði lengi einkennt þetta heimili var seldur fyrir sanngjarnt verð. Hann var kominn á þrítugsaldur en gengur enn hjá manni hér í næstu götu. En ég á gamla Bensann minn ennþá. Það er feitur Benz 300, dicker Mercedes eins og þeir kalla þessa bíla, sex sílindra, 188 hestöfl, sjálfskiptur, orðinn 26 ára, sumsé fornbíll.

Bensinn er í ágætu lagi. Þjóðverjarnir eru einstakir völundar. Þessi bíll er svo góður í stýri og öllu að hann eiginlega keyrir sig sjálfur eins og aðrir Bensar. Það er bara sest inn og hann keyrir sig.“

Voru eiginlega orðnir samvaxnir

Varðandi bílaáhugann segir Finnbogi:

„Þetta er trúlega aðdáun á allri mekaník. Pabbi eignaðist Beddann, herbílinn, árið 1946. Kallinn var nú mublusmiður en djöfull seigur að gera við þennan bíl og halda honum gangandi í áratugi. Þeir voru eiginlega orðnir samvaxnir, kunnu hvor á annan.

Það er þannig, að þegar menn eru lengi á sama tólinu eða hestinum eða hvað sem það er, þá einhvern veginn aðlagast þetta hvað öðru. Eins og Guðmundur Böðvarsson skáld á jeppanum.

Nútíminn er orðinn eitthvað svo blaseraður og frústreraður. Honum finnst ekkert merkilegt þegar flugvél kemst í loftið. Samt er hvert einasta flugtak alveg stórmerkilegt, að þetta hlass skuli fljúga. Mér finnst það alltaf alveg furðulegt. Ég dáist að allri mekaník.“

Stóð alltaf í sextíu

– Hver er merkastur þinna bíla á lífsleiðinni?

„Það veit ég svo sem ekki. Pabbi átti náttúrlega mjög frægan bíl, það er að segja fjölskyldan, það var alltaf sagt að pabbi ætti bílana. Við skildum ekkert af hverju þessi bíll var svona frægur.

Þetta var Hudson Hornet fimmtíu og fjögur módelið, hefur meira

að segja verið gerð um hann kvikmynd. Þessi bíll var grindarlaus með gríðarlega stóra sex strokka vél og vann ár eftir ár það sem kallað er Stock Car Racing í Ameríku, kappakstur venjulegra fólksbíla. Hann tók Lincolninn sem var átta sílindra eins og ekkert væri.

Hudsoninn var afskaplega lágur, hljóðkúturinn alltaf undan honum, man ég. Ég fékk fyrst að keyra þennan bíl þegar ég var tólf ára. Pabbi áttaði sig aldrei á hraðamælinum í þessum bíl. Hann stóð alltaf í sextíu þegar hann keyrði austur fyrir fjall eða til Þingvalla. Pabba fannst það undarlega lítið. En þetta var reyndar mílumælir en ekki kílómetramælir."

Níu bækur og níu munu þær alltaf vera

Finnbogi hefur verið ötull við ritstörfin núna hin síðari og síðustu árin, og heldur aðspurður að hann sé búinn að skrifa níu bækur. Þegar taldar eru saman bækurnar sem hann hefur skrifað og gefnar hafa verið út reynast þær að vísu komnar nokkuð á annan tuginn. Þeir sem þekkja Finnboga telja líklegt að hversu margar sem bækurnar kunni að verða „þegar upp er staðið" muni hann alltaf halda að þær séu níu.

Meðal þessara níu sem út eru komnar má nefna þrjár endurminningabækur frá eigin uppvexti í Reykjavík (trílógíuna um afahúsið), viðtalabækur, ævisögur og æviminningar annars fólks (þar á meðal þrjár bækur um konur í blíðu og stríðu) og eina heimildaskáldsögu sem kom út á síðasta ári og heitir Illur fengur. Líka má nefna bók, sem sumir töldu í dálitlum ýkjustíl, um hernámið í Aðalvík og á Straumnesfjalli.

„Ágæt bók að mér sjálfum finnst en seldist nú ekki mikið. Ég sá einhvers staðar að Einar Kárason var að hæla þessari bók. Hann hafði lesið hana, af einhverjum ástæðum. Þetta var í rauninni enginn ýkjustíll, því að það var alltaf eitthvað að baki þessum fáránleika."

Núna er Finnbogi að rita æviminningar Gísla Ferdinandssonar skóara í Reykjavík, sem er líka flautuleikari að mennt og byrjaði í Sinfóníuhljómsveitinni þegar Olav Kielland stjórnaði henni. „Ég sit við þetta og veit ekki meira," segir Finnbogi þegar hann er spurður hvenær bókin komi út.

Svínarí Landsbankans má vel koma fram

Bókin Einræður Steinólfs, sem hefur að geyma æviminningar hins landsfræga Steinólfs í Ytri-Fagradal á Skarðsströnd, hefur selst best af bókum Finnboga.

„Það var Björgólfur Guðmundsson mógúll sem gaf hana út. Hann var búinn að ná undir sig öllu Eddu-móverkinu, þar á meðal var bókaforlagið Þjóðsaga, og Steinólfur var gefinn út undir því merki. Þessi bók seldist upp, mér var sagt að hún hefði verið gefin út í 2.500 eintökum. Það þykir nokkuð góð sala, ef við sleppum sölunni á glæpareyfurunum, sem er mér óskiljanleg. Ég er búinn að ná mér í slengið af Steinólfi úr prentverkinu og hugsa mér að gefa hann út í kilju. Það er mikið spurt um þessa bók."

Bókaútgáfan Uppheimar gaf út þríleikinn Úr afahúsi.

„Þegar síðasta bókin kom út var forlagið eiginlega orðið fallítt og gat ekkert auglýst. Svínarí Landsbankans í þessu máli má vel koma fram. Hann átti veð í bókalager Uppheima og höfundar fengu ekki neitt.

Síðan hefur bankinn verið að selja lagerinn og hirðir allt sem inn kemur. Lögfræðingur Rithöfundasambandsins, þar sem ég er gildur limur, skoðaði þetta mál og segir að það sé ekki hægt að gera neitt. Menn halda að höfundaréttur sé eitthvað sterkur, en hann er einskis virði þegar til kastanna kemur og bankaströllin fara að brýna sig."

Sjötugur í haust ef ég lifi

– Dæturnar auðvitað farnar suður eins og allir, sagðirðu. Eruð þið hjónin kannski líka á förum suður eins og allir?

„Hvort maður bara snýr aftur eins og Ólafur muður? Ég veit það ekki. Bjarni Pálsson var skólastjóri á Núpi þegar ég var að kenna þar. Hann var að læra flug eins og Tryggvi lögfræðingur, séra Lárus í Holti og fleiri, og sagðist ætla að flytja suður áður en hann væri kominn yfir point of no return.

Ég ætla svo sem ekkert að segja um þetta, börn og barnabörn toga auðvitað í okkur. Tala reyndar bara fyrir sjálfan mig, ég ætla ekki að tala fyrir okkur bæði, en ég er orðinn mjög tengdur þessum húskofa og þessu umhverfi hérna. Mér finnst ég eiga algerlega heima hérna. Bælið mitt er hér á sínum stað. Það er mikilvægt að vera ánægður með þann stað þar sem bælið manns er."

Finnbogi verður sjötugur í haust – „ef ég lifi," segir hann eins og fólk gerir þegar það er komið á okkar aldur.

Hann hafði yndi af stangveiðum ...

„En ég upplifi mig ekki sem neitt gamalmenni. Geri bara það sama og ég hef gert alla ævi, mála húskofann, geri við bíla og smíða og hvað eina og skrifa bækur og set niður kartöflur. Þetta gengur ágætlega. Kötturinn er oft að hjálpa mér og telur í mig kjark. Það er köttur hér á heimilinu sem er alveg sérstakur og heitir Egill Indriði Möller. Dóttir okkar átti þennan kött, hann var inniköttur í Reykjavík og hún kenndi honum að gera þarfir sínar í klósettið, bæði til baks og kviðar. En hérna vildi hann frekar fara út og fær að fara út, þó að hann hafi líka farið hér á klósettið."

– Sturtar hann þá niður?

„Hann reynir það greyið. Maður þarf að vera standbæ að sturta niður því að hann er svo þrifinn. Þegar hún var með hann, þá reif hann niður klósettrúllur og setti yfir. Þetta er ótrúlegur köttur. Hann bankar hér þegar hann vill komast inn, fer á húninn og andskotast í honum. Það er yndi að hafa svona góðan kött."

– Ég man ekki betur en þú hafir yndi af stangveiðum.

„Hann hafði yndi af stangveiðum, er alltaf sagt í minningargreinum. Já, ég hef yndi af stangveiðum."

– Hlynur Þór Magnússon.

Fjórar aldir, sumarkoma á föstudegi

Sumarið er komið. Fæstir hafa orðið þess varir, enda er það aðeins komið á dagatalinu. Oftast er það svo, en einstaka sinnum hendir það lán að eygja megi vor og jafnvel, en þó sjaldnar, að vorið sé komið þegar dagatalið kveður upp úr með það að fyrsti dagur sumars sé runninn upp. Undravert er að þjóð búandi norður undir heimskautsbaug trúi því að sumar gangi í garð að vetrarlagi og sendi stuttbuxnaklædd börn út í vetrarveðri til þess að fagna sumri. Það er ekki skrýtið að þjóð sem haldin er þessari undarlegu tegund bjartsýni mistakist við sjálfstjórnina og geri mörg mistökin. Nú er lagt til að færa þennan blessaða sumardag af fimmtudegi til föstudags. Vart getur miklu munað þó hið ímyndaða sumar gangi í garð deginum seinna. Þessi tilhögun mun færa fólki á Íslandi aukna gleði með því að lengja „sumarhelgina" um heilan dag. Það gefur færi á langri sumarhelgarferð til útlanda, þótt ekkert annað kæmi til. Að auki verður skipulag vinnu á mörgum vinnustöðum einfaldari.

Frægur umhverfissóði lék lausum hala á Suðurlandi og fékk óáreittur að fara frjáls ferða sinna án afskipta yfirvalda. Lögreglan á Suðurlandi mun hafa gert honum sekt, að því er virðist til málamynda og þar við sat. Umhverfissóðinn flaug af landi brott ánægður með það frelsi sem slíkir sóðar njóta á Suðurlandi. Var hann þó þekktur fyrir umhverfissóðaskap úr öðrum löndum. Nú bætti hann við í safn sitt bleikum Strokki og sagðist mega það og miðað við afgreiðslu máls hans, má hann það. Því miður er það svo að íslenska ríkinu stendur á sama um hverasvæðið við Geysi. Fróðlegt hefði verið að sjá viðbrögðin hefði umhverfissóðinn sprautað Stjórnarráðið með bleikum ávaxtalit sem rigndi niður í næstu dembu. Þá væri hann vart farinn úr landi. En náttúruna skortir vini og talsmenn í ríkisstjórninni. Vestfirðingar myndu ekki sætta sig við bleikan Dynjanda. Þessi sóðalega vanvirðing við Ísland, íslenska náttúru og þjóðina vekur upp spurningar um það hversu langt við ætlum að ganga á náttúruna í þágu skammtímagróða ferðaþjónustu.

Það var því mikill léttir fyrir þjóðina og Baska, að Jónas Guðmundsson sýslumaður á Vestfjörðum skyldi hinn 22. apríl síðastliðinn fella úr gildi fjögurra alda gamlan dóm Ara Magnússonar sýslumanns, sem jafnan var kenndur við Ögur þess efnis að Spánverjar eða öllu heldur Baskar skyldu réttdræpir á Vestfjörðum. Var þetta mikið þarfaverk. Dómi þessum var illa framfylgt og er þó til þess vitað að einn afkomenda Ara hefur gegnt embætti sýslumanns í Ísafjarðarsýslu án þess að fylgja þessum löngu úrelta og löngu brottfallna dómi á nokkurn hátt fremur en aðrir. Þetta sýnir okkur að sýslumönnum er brýnt að forgangsraða rétt.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Sumarblómin pöntuð að sunnan

Ásthildur Cesil Þórðardóttir garðyrkjufræðingur, sem rekur garðyrkjustöð við Seljalandsveg á Ísafirði, segir farir sínar ekki sléttar í samskiptum við Ísafjarðarbæ. „Ég var garðyrkjustjóri bæjarins í meira en þrjátíu ár og alveg frá byrjun sá ég um sumarblómin. Þegar ég fór sjálf að framleiða blóm, þá keypti bærinn þau af mér. Það fór í gegnum yfirmann tæknideildar því að það tengdist mér náttúrlega. Eftir að ég hætti sem garðyrkjustjóri fyrir nokkrum árum var haldið áfram að versla við mig, það er að segja við Garðplöntustöð Ásthildar, sem er eina garðyrkjustöðin á Vestfjörðum. Núna var hins vegar ekkert pantað, og ég hugsaði með mér að það hefði gleymst," segir Ásthildur.

„Ég fór suður til að kaupa græðlinga eins og ég er farin að gera undanfarið, og þess vegna keypti ég líka það sem ég taldi að bærinn þyrfti eins og venjulega. Núna er kominn nýr garðyrkjustjóri í staðinn fyrir þann sem tók við af mér á sínum tíma, og ég ræði við hana um daginn og spyr hvort bærinn ætli að kaupa þessar plöntur. Hún kemur hingað upp eftir og skoðar plönturnar og segir: Júju, við kaupum þessar plöntur af þér.

Skömmu seinna kemur hún aftur og biður mig afsökunar og segir að Ralf Trylla umhverfisfulltrúi sé búinn að panta öll sumarblómin að sunnan. Ég sagðist ekki sætta mig við þetta, en hún sagði að þau réðu náttúrlega hvar þau keyptu blómin. Ég var bæði sár og reið. Ég sagði að Ralf hefði væntanlega sagt að blómin væru ekki nógu góð. Já, eitthvað svoleiðis, sagði hún.

Mér finnst það bara ekki í lagi að fara svona með fólk. Eftir samfelld sams konar viðskipti í áratugi hlýtur að vera komin hefð á svona. Þannig hefði umhverfisfulltrúanum verið skylt að hafa samband við mig og segja að hann ætlaði ekki að kaupa plönturnar hjá mér lengur. Núna í síðustu viku datt hér inn um lúguna hjá mér áskorun um að efla Vestfirði, það heitir Sóknaráætlun Vestfjarða. Það skýtur skökku við ef framvegis á að panta allt að sunnan í stað þess að versla í heimabyggð við það fólk sem er að berjast við að gera eitthvað hérna heima. Þetta gildir nefnilega ekki bara um mig og garðyrkjustöðina," segir Ásthildur.

Níu formenn á afmælisfagnaði

Aðstandendur og velunnarar Litla leikklúbbsins á Ísafirði fögnuðu um helgina hálfrar aldar afmæli klúbbsins sem stofnaður var 24. apríl 1965. Steingrímur R. Guðmundsson, formaður LL, segir glatt hafi verið á hjalla á afmælisfagnaðinum sem hófst á föstudag með opnun á sögusýningu í Safnahúsinu á Ísafirði í sýningarstjórn Ninu Ivanovu. „Það var margt rifjað upp um helgina enda komu margir brottfluttir félagar vestur til að samfagna með okkur. Ég taldi níu fyrrverandi formenn klúbbsins. Maður fékk innsýn í hvernig starfsemi Litla leikklúbbsins var á upphafsárunum og í raun hefur þetta sáralítið breyst," segir Steingrímur.

Á laugardag var lokasýning á leikritinu „Kallarðu þetta leikrit?" sem hefur verið í sýningum síðustu vikur. „Það var fullsetið og góð stemning og að lokinni sýningu var efnt til afmælisveislu í Edinborgarhúsinu," segir Steingrímur. Sögusýningin verður opin fram í júní á opnunartíma Safnahússins.

– smari@bb.is

Ríkisútvarpið er ein helsta menningar- og lýðræðisstofnun þjóðarinnar. Hlutverk RÚV er að upplýsa, fræða og skemmta og auka með því lífsgæði þeirra sem njóta. Vegna aukinnar áherslu RÚV á svæðisbundna miðlun og fréttaflutning og dagskrárgerð á landsbyggðinni, auglýsir RÚV eftir nýjum starfsmönnum í hópinn utan höfuðborgarsvæðisins.

TAKTU ÞÁTT Í AÐ MIÐLA LÍFINU Í LANDINU

RÚV auglýsir eftir frétta- og dagskrárgerðamönnum til að miðla efni af landsbyggðinni
Leitað er að drífandi, sjálfstæðum og jákvæðum einstaklingum sem hafa reynslu af fréttavinnslu og/eða dagskrárgerð og skrifum fyrir vefinn og gott vald á íslensku máli. Við leitum að fólki af báðum kynjum sem á auðvelt með að tileinka sér nýjungar í starfi. Miðað er við að starfsmenn hafi aðsetur á viðkomandi landssvæðum. Allir starfsmennirnir heyra undir svæðisstjóra RÚV á Akureyri.

Auglýst er eftir:

- Frétta- og dagskrárgerðarmanni í fullt starf á Vestfjörðum/Vesturlandi.
- Frétta- og dagskrárgerðarmanni í hálft starf á Suðurlandi.
- Frétta- og dagskrárgerðarmanni í hálft starf á Austurlandi.
- Dagskrárgerðarmanni fyrir Landann í fullt starf á Norðurlandi.

Umsóknarform og upplýsingar um helstu verkefni, menntunar- og hæfniskröfur er að finna á **www.RUV.is/laus-storf.**
Umsóknir skulu berast eigi síðar en 25. maí 2015.
Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um.

Þáttagerð um allt land
RÚV vekur aukinheldur athygli á því að dagskrárstjórar allra miðla RÚV taka, hér eftir sem hingað til, fúslega við tillögum og tilboðum um dagskrárefni, hvort heldur sem um er að ræða staka þætti eða þáttaraðir. RÚV hvetur dagskrárgerðarfólk af landinu öllu til að senda inn tillögur og mun leita leiða til að framleiða efni sem víðast á landinu.

Á leið til Hólmavíkur, verið að athuga stöðuna á öllu dótinu á toppnum á Land Rover. Ljósmyndir: Jónas Stefánsson.

Æsispennandi ferð um Vestfirði

Jónas Stefánsson og félagar hans Ingólfur Olsen, Erlendur Þór Magnússon, Kimberly Dunlop, Karen Hensel fóru nýlega í spennandi ferðalag um norðanverða Vestfirði. Meðal þess sem hópurinn tók sér fyrir hendur var að skella sér á snjóbretti í Önundarfirði og brimbretti við Bolungarvík en þau voru m.a. á vegum fyrirtækisins Arctic surfers sem sérhæfir sig í slíkum ferðum víða um land. Með í för var blaðamaður sem var að skrifa grein fyrir skandinavíska lífstíls- og útivistartímaritið Norr Magazin. Bæjarins besta tók Jónas á spjall um ferðina sem eins og myndirnar bera með sér var algjört ævintýri.

– Hvernig kom það til að þið ákváðuð að heimsækja Vestfirði?

„Það var aðallega vegna þess að það spáði góðum öldum þar og veðri, svo það leit vel út bæði fyrir „surf“ og snjóbretti/skíði. Ingó er með fyrirtæki sem heitir Arctic „surfers, sem sérhæfir sig í brimbrettaferðum og einnig snjóbrettaferðum á veturna. Karen sem var með okkur var að skrifa blaðagrein fyrir Norr Magazin um svona ævintýraferð á Íslandi með bæði snjóbretta og „surf“ ívafi og fékk Ingó til að skipuleggja ferð fyrir sig og Ella til að mynda. Við Kim, vinkona Ella, fengum svo bara að fljóta með til að hafa enn betri hóp.“

– Hversu lengi stóð ferðin?

„Frá laugardeginum 21. mars fram á þriðjudaginn 24. mars.“

– Hafið þið komið áður vestur? Eigið þið einhverja tengingu þangað?

„Já, allir nema Karen höfðu komið áður vestur, en engin sérstök tenging þangað nema auðvitað góðvinur okkar Geiri, Ásgeir Höskuldsson, sem er nýlega fluttur vestur að vinna fyrir Vesturferðir/West Tours.“

– Hvað stóð upp úr að þínu mati í ferðinni?

„Sunnudagurinn var alveg magnaður, frábært veður sól, hiti og logn. Náðum að ganga upp nokkur flott fjöll og skíða eða fara á snjóbretti niður. Svo var reyndar geggjað að komast í öldurnar í Bolungarvík á þriðjudagsmorguninn áður en við héldum heim.“

– Hafið þið í hyggju að koma aftur?

„Já, alveg klárlega, alveg magnað svæði þarna um allt með öll þessi flottu fjöll og svo sjóinn beint fyrir neðan.“

– Thelma Hjaltadóttir.

Sælkerar vikunnar eru Árný Rós Gísladóttir og Patrekur Súni Reehaug í Noregi

Gulrófustappa með gulrótum og kartöflum , vanillusósa og Gelé

Pinnekjøt eða pinnakjöt er venju samkvæmt jólamaturinn í Noregi. Þar sem pinnakjöt fæst ekki á Íslandi ætlum við að bjóða upp á meðlæti sem borið er fram með kjötinu en hægt er að borða það með mörgu öðru, t.d pulsum og saltkjöti. Norðmenn eru snillingar í desert. Það sem við höfum tileinkað okkur í þeirri deild er vanillusósa. Hana er hægt að hafa hreinlega með öllu í desert deildinnni, yfir ávexti, ís og kökur. Við notum hana óspart hér á sumrin þegar uppskeran er í hámarki og hægt að kaupa út um alla sveit dýrindis ávexti af öllum gerðum. Í uppáhaldi hjá okkur eru bringebær og moreller. Krakkarnir upplifa líka nýjar venjur í barnaafmælum. Mjög vinsælt er að bjóða upp á Gelé með hinni sívinsælu vanillusósu. Gelé er t.d mótað með piparkökuformum í ýmsar fíkúrur.

Kålrabistappe/gulrófustappa með gulrótum og kartöflum

Gulrófa meðal stór, ca eitt kg að þyngd
2 kartöflur
2 gulrætur

Smjör, rjómi, salt og pipar, soð frá kjötinu sem á að bera fram með. Sumar uppskriftir styðjast við rifið múskat en við höfum ekki notað það.

Skræla skal grænmetið, skera í bita og sjóða. Hella vatninu af og mauka saman, t.d með töfrasprota eða bara gamla góða kartöflustapparanum. Skvetta af rjóma út í ca 0.5 dl, krydda til með salti og pipar, klípa af smjöri hrært saman við eða ca 70 gr. Að lokum smakkað til með örlitlu soði og rifnu múskati ef smekkur er fyrir því.

Vanillusósa og Gelé

Þar sem vanillusósa er seld tilbúin út í búð hér fundum við uppskrift á internetinu og vonum að hún standist samanburð við þá norsku.

1/2 vanillustöng
3 dl mjólk
1 1/2 dl rjómi
1 dl sykur
1/2 msk kartöflumjöl með 1 msk mjólk
1 eggjarauða

Skerið vanillustöngina í tvennt og skrapið vanillukornin úr stönginni. Hitið mjólkina, rjómann, vanilluna og sykurinn varlega á pönnu og hrærið í á meðan. Lækkið hitann og leyfið malla á meðan mjólkin er að taka í sig vanillubragðið. Blandið kartöflumjölinu saman við 1 msk af mjólk og bætið út í og hitið blönduna upp að suðu. Takið af hitanum um leið og suðan fer að koma upp. Bætið eggjarauðunni saman við og þeytið vel saman. Þeytið þangað til að sósan fer að kólna.

Gelé er Jell-o á Íslandi. Ofur auðvelt að búa til samkvæmt leiðbeiningum á pakka.

Við ætlum að senda áskorunina áfram til Stavanger, þar búa þau Eva Dögg Pétursdóttir og Stefán Ingi Svansson. Stefán er matreiðslumaður og því verður forvitinlegt að sjá hvað hann hefur tileinkað sér í matreiðslu eftir búsetu í Noregi og hvort þau sendi áskorunina áfram á Ísfirðinga í útlöndum.

Skyldustopp í Hörgshlíðarlaug í Mjóafirði, sjósund og svo slappað af í heitri lauginni.

Við einn tind dagsins og verið að gera klárt fyrir rennsli niður í blíðunni.

Fallegt kvöld við Flateyri á Stand Up Paddle bretti frá Arctic surfers.

Þvílík veðurblíða í Breiðadal.

Brimbrettareið í Bolungarvík.

Hópurinn við Land Rover-inn í Staðarskála.

HRINGIÐAN
LIST | MENNING | DÆGURMÁL

Sportið í beinni...

Laugardagur 2. maí
kl. 11:45 Leicester - Newcastle
kl. 14:00 Cordoba - Barcelona
kl. 14:00 Liverpool - QPR
kl. 14:00 Swansea - Stoke
kl. 14:00 West Ham - Burnley
kl. 14:00 Aston Villa - Everton
kl. 14:00 Sunderl. - Southpt.
kl. 16:30 Man. Utd - WBA
kl. 18:00 Sevilla - Real Madrid
Sunnudagur 3. maí
kl. 12:30 Chelsea - Crystal P
Mánudagur 4. maí
kl. 19:00 Hull - Arsenal
kl. 19:15 - KR - FH

Dagar Íslands

eftir Jónas Ragnarsson

30. apríl 1966: Hótel Loftleiðir á Reykjavíkurflugvelli var opnað. Byggin þess tók aðeins sextán mánuði.
1. maí 1965: Þyrla sem var á leið frá Hvalfirði til Keflavíkurflugvallar fórst við Kúagerði, sunnan Hafnarfjarðar, og með henni fimm menn, þar á meðal æðstu menn Varnarliðsins. Þetta var fyrsta þyrluslysið hér á landi þar sem manntjón varð. Tíu árum síðar hrapaði þyrla á svipuðum slóðum en enginn slasaðist.
2. maí 1679: Jón Ólafsson Indíafari lést, 86 ára. Hann var skytta á herskipum Danakonungs 1616-26 og sigldi þá m.a. til Indlands. Jón var bóndi á Vestfjörðum frá 1626 og ritaði endurminningar sínar árið 1661.
3. maí 1986: Gleðibankinn lenti í sextánda sæti þegar Íslendingar tóku þátt í söngvakeppni sjónvarpsstöðva í Evrópu í fyrsta sinn.
4. maí 1880: Útför Jóns Sigurðssonar forseta og Ingibjargar konu hans fór fram í Reykjavík með mikilli viðhöfn.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:
Hæg austlæg eða breytileg átt. Él um landið austanvert en bjart með köflum í öðrum landshlutum. Hiti breytist lítið.

Horfur á laugardag:
Austlæg átt, 3-10 m/s og bjartviðri. Hiti 0-7 stig að deginum, hlýjast SV-lands.

Horfur á sunnudag:
Útlit fyrir ákveðna austan- og NA-átt og bjart með köflum.

Krossgátan

					STOÐ-GRIND	SAMTÍMA	RÍKI Í SUÐVESTUR ASÍU		TVEIR	SMÁTT	FARFA
				AFÆTA							
				FERÐ				EINS UM Í / GAUR			
				LOFT-TEGUND					TVEIR EINS / HINDRA		
				KROPPUR / BLÓÐ-SUGA							LYKTAR
	↓	ÓSKORÐ-AÐA	ANGAN / FRÁ				SKAPI / MIS-TAKAST				
STREITA					VEIÐI / SPERGILL					YFIRRÁÐ	
PILLA						STÖKUM / NUDD					
Í RÖÐ			HÓFDÝR / SÚREFNI					ERGJA / MJÖG			
FLÝTIR				ERFIÐA / BLIKK					TVEIR EINS / HÖND		
ORSAKA						ÚTMÁ / DÁLÍTIÐ					KLAUSTUR-BÚI
		MÆLI-EINING / TÓNVERK					EYÐIMÖRK / DUGLEGUR				
LÍMBAND					HINDRUN / EINSAMALL					MÆLI-EINING	
ÓLÆTI			SÁ / PILI					FIÐUR / SEFA			
MAGUR				INNYFLI / ÁTT					ÓNEFNDUR / TVEIR EINS		
GOÐ						VÍSA LEIÐ					
ÁSAMT						LOKKA					

BÍLAVERIÐ ehf
Hjólbarðaþjónusta
Smurþjónusta
Smáviðgerðir
Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

HEKLUSALURINN
Nýir bílar og notaðir
Þjónusta í heimabyggð frá1983

Lausn á síðustu krossgátu

				KROTA	BIRGJA	EIN-SÖNGUR		HAF	FRÓN	SKRÁ
				BERG-TEGUND	K	V	A	R	S	Í	T
				EINS UM I	R	I	R	ESPA / NEÐAN VIÐ	Æ	S	A
				HEIMS-ÁLFU	A	S	Í	U	TVEIR EINS / STAÐFESTA	L	L
				STOPPA	S	T	A	N	S	A	GEÐ
	↓	GÆTA	SVELL	ÁTT / HALD	S	A	DJÆF / ÞRÚTNUN	D	A	N	S
HÓTEL-ÍBÚÐ	S	V	Í	T	A	HÁLSTAU / TÁLKN-BLAÐ	B	I	N	D	I
HNUSA	N	A	S	A	OFFUR / ÞEKKI	F	Ó	R	N	GÁ	N
Í RÖÐ	J	K	PÍNA / LOKAORÐ	K	V	Ö	L	TÁLBEITA / INNYFLI	A	G	N
SVIF	Á	T	A	TÚN / VEGG-SPJALD	E	N	G	I	EKKI / RÖLT	E	I
LJÓS	L	A	M	P	I	MEGIN / FORMÓÐIR	A	Đ	A	L	HAMINGJA
	D	HNOÐA / HRÆÆTA	E	L	T	A	SELUR / EFLA	U	R	T	A
ELSKA	U	N	N	A	MERKI	M	A	R	K	STÆKKA	U
SLÁ	R	Á	BÆRU AÐ / DRAUP	K	Æ	M	U	FIÐUR	TIL / TÍMABILS	A	Đ
SEGJA	M	Æ	L	A	HRIFNING / SAMTÖK	A	Đ	D	Á	U	N
KLÍNA	Ú	T	A	T	A	ÁVÖXTUR	G	Ú	R	K	A
SJÁ EFTIR	S	A	K	N	A	SVARA	A	N	S	A	

Sudoku þrautir

4	9	7	8		5			1
		2				8		
8			6			7		
						9		
6	8		2	3	9		5	7
5						2	6	
					1		9	8
7	4	6	5				1	2
	1						7	

			5	7	6	9	1	
	7		9		4	3	2	5
5	8	9	2	1				
2		7	6	5		1		9
					9	2		7
9	1		7			8		6
			8		1		7	3
	6							
8	2			6	7	5		

Frá Súðavík.

Hreppurinn opnar verslun í Súðavík

„Við höfum leitað allra leiða við að finna einhvern til að taka við verslunarrekstrinum en það hefur ekki gengið. Við lítum svo á að lítil verslun með nauðsynjavörur sé hluti af grunnþjónustu og því ákvað sveitarstjórnin að fara þessa leið," segir Pétur G. Markan, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps. Á sveitarstjórnarfundi í síðustu viku var samþykkt að stofna einkahlutafélag í 100% eigu hreppsins sem mun standa að verslunarrekstri í Súðavík. Tillagan var samþykkt með atkvæðum Önnu Lindar Ragnarsdóttur, Péturs G. Markan og Valgeirs Scott. Á móti voru Guðbjörg Bergmundsdóttir og Halldóra Pétursdóttur.

Í tillögunni felst jafnframt að hreppurinn láni félaginu allt að þrjár milljónir króna vegna rekstrs búðarinnar og kaupa á lager. Engin verslun hefur verið í Súðavík frá því í snemma í haust. „Það var ekki okkar fyrsti kostur að láta hreppinn reka verslunina en nú er svo komið að okkur var ekki fært annað en að bregðast við. Verslun er nauðsyn fyrir íbúana og aukinheldur er verslun mikilvægur þáttur í þeirri þjónustu sem ört vaxandi ferðamannaiðnaður þarf á að halda," segir Pétur.

Hann segir það alveg skýrt af hálfu sveitarstjórnar að ef til komi vilji frá einkaaðila að reka verslun í Súðavík, muni hreppurinn ganga til samninga við hann. „Við erum mjög brött og teljum okkur hafa góðar forsendur til að láta þetta ganga upp. Ég er viss um að í fyllingu tímans komi einkaaðili sem tekur við keflinu af okkur," segir Pétur G. Markan sveitarstjóri.

– smari@bb.is

Þjónustuauglýsingar

ÚRVAL ÚTSÝN

MALLORCA

EITTHVAÐ FYRIR ALLA Í JÚLÍ

Njóttu sólarinnar og lífsins á einni af perlum Miðjarðarhafsins. Glæsileg hótel tilvalin fyrir pör jafnt sem fjölskyldur og í nálægð við hina fögru og heillandi borg Palma.

BESTU DAGSETNINGARNAR — BÓKAST — FYRST

PORTO DRACH

14.-21. JÚLÍ ★★★★

Porto Drach er nýtt 4 stjörnu superior hótel og eru íbúðirnar bjartar og rúmgóðar. Þægilegur og hagkvæmur kostur fyrir stórfjölskyldur!

VERÐDÆMI M.V. 4 MANNA FJÖLSKYLDU
Íbúð með 1 svefnherbergi og sjávarútsýni

79.900 KR.

VERÐDÆMI M.V. 2 FULLORÐNA **113.900 KR.**

FERGUS TOBAGO

14.-21. JÚLÍ ★★★

VERÐDÆMI M.V. 2 FULLORÐNA
Tvíbýli með öllu inniföldu

119.900 KR.

Fergus Tobago er mjög gott þriggja stjörnu hótel staðsett við ströndina á besta stað á Palmanova, stutt frá Palma. Fín sundlaug og lítil barnalaug ásamt góðri sólbaðsaðstöðu.

ROC PORTONOVA

21.-28. JÚLÍ ★★★

VERÐDÆMI M.V. 5 MANNA FJÖLSKYLDU
Íbúð með 2 svefnherbergjum

93.500 KR.

Roc Portonova er 3 stjörnu íbúðahótel sem hentar vel fyrir stórar fjölskyldur. Leikvöllur og leikherbergi er fyrir börnin. Íbúðirnar eru einfaldar og rúmgóðar.

ROYAL CRISTINA

21.-28. JÚLÍ ★★★★

VERÐDÆMI M.V. 2 FULLORÐNA
Tvíbýli með morgunverði

129.900 KR.

Royal Cristina er mjög gott 4 stjörnu hótel frábærlega staðsett á Playa de Palma. Í næsta nágrenni er fjöldinn allur af veitingastöðum og verslunum.

Innifalið í verði hjá Úrvali Útsýn er flug, gisting, íslensk fararstjórn, flugvallaskattar, 20 kg ferðataska og handfarangur.

Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogi | 585 4000 | uu.is